

REGLUR

um útreikning á vogunarlutfalli fjármálafyrirtækja.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að reikna út vogunarlutfall, skv. 30. gr. a laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 og VII. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr.

Útreikningur á vogunarlutfalli.

Fjármálafyrirtæki skulu afmarka og reikna heildaráhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð (ESB) 2015/62 um útreikning á vogunarlutfalli.

Reikna skal fjárhæðir vegna afleiðusamninga, endurhverfra verðbréfaviðskipta, verðbréfa- eða hrávörulánveitinga/lántöku, samninga með löngum afhendingartíma og viðbótarlánveitinga vegna kaupa/sölu á verðbréfum í samræmi við 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

3. gr.

Birting framseldrar reglugerðar.

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 frá 10. október 2014 um nánari afmörkun á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 vegna vogunarlutfalls.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/62 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. *Official Journal of the European Union*): <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485439636748&uri=CELEX:32015R0062>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 11, þann 17. janúar 2015, bls. 37-43.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í 117. gr. c laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 18. október 2017.

Unnur Gunnarsdóttir.

Sigurður Freyr Jónatansson.